



Samþykkt í skipulagsnefnd Kópavogs 19. apríl 2011.
Samþykkt í bæjarráði Kópavogs 28. apríl 2011.

Endurskoðun aðalskipulags Kópavogs.

Verkefnislýsing



Umhverfissvið

15. apríl 2011



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Umsjón með endurskoðun aðalskipulagsins	3
3	Verkefnið	3
4	Forsendur	4
5	Fyrirliggjandi stefna	5
6	Nýtt aðalskipulag, helstu áherslur	7
7	Helstu svæði endurskoðunar – breytingarsvæði.....	8
8	Nýtt aðalskipulag, efnisþættir og framsetning.....	8
9	Samráð og kynningar	9
10	Tímaferli, áfangar og vinnuferli	11
11	Helstu gögn til hliðsjónar við endurskoðun aðalskipulagsins.....	12
12	Umhverfismat endurskoðaðs aðalskipulags.....	12
13	Gildistími.....	12
14	Niðurlag	12



1 Inngangur

Vísað er til gildandi Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012, sveitarfélagsuppdrátt og greinargerð þar sem fram kemur stefna bæjarins um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðarinnar. Aðalskipulagið var samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs 12. mars 2002 og staðfest af umhverfisráðherra 23. apríl 2002. Vinnan við mótun stefnu og markmiða vegna gildandi aðalskipulags, var langt komin þegar vinnu við Staðardagskrá 21 var ýtt úr vör. Þar sem aðalskipulag er framtíðarsýn hvers sveitarfélags og hefur jafnframt lögbundinn sess, var þess gætt að samræmi ríkti milli þessara tveggja áætlana. Það má því segja að Staðardagskrá 21 fyrir Kópavog sé að hluta til aðgerðaáætlun fyrir aðalskipulagið vegna þess að þar eru skilgreindar tímasettar leiðir að markmiðum og ábyrgðaraðilar tilgreindir. Í þessari endurskoðun hefur verið ákveðið að stíga skrefið til fulls og samtvinna aðalskipulag og staðardagskrá bæjarins í eina áætlun; Aðalskipulag Kópavogs 2010-2022.

2 Umsjón með endurskoðun aðalskipulagsins

Skipulagsnefnd Kópavogs hefur yfirumsjón með endurskoðun aðalskipulagsins, er verkefnisstjórn þess, en ábyrgð verkefnisins er í höndum skipulagsstjóra Kópavogs. Verkefnisstjórnin mun funda reglulega með þeim nefndum og ráðum bæjarins sem koma að verkefninu.

Í skipulagsnefnd sitja: Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður, Guðmundur Örn Jónsson, Vilhjálmur Einarsson, Jóhann Ísberg, Árni Bragason, Helgi Helgason og Kristinn Dagur Gissurarson.

Að vinnunni koma frá umhverfissviði: Birgir Hlynur Sigurðsson, skipulagsfræðingur og skipulagsstjóri, Smári M. Smáráson, arkitekt, Hólmfríður Þorsteinsdóttir, landfræðingur og umhverfisfulltrúi, Vífill Björnsson, byggingarfræðingur, Steingrímur Hauksson, tæknifræðingur og sviðstjóri umhverfissviðs og Friðrik Baldursson, garðyrkjufraeðingur og garðyrkjustjóri.

Heimasíða Kópavog: Á heimasíðu bæjarins verður framvinda verkefnisins kynnt og þar verða ýmis gögn er tengjast verkefninu. Þar verður jafnframt hægt að senda inn athugasemdir og ábendingar til umsjónaraðila verkefnisins.

3 Verkefnið

Þessi endurskoðun aðalskipulagsins er sú fjórða í röðinni. Fyrst var samþykkt aðalskipulag fyrir Kópavog 1985 en fyrsta staðfesta aðalskipulagið sem nær til allrar lögsögu bæjarins er frá 1990, síðan 1994 og 2002.

Samkvæmt 28. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er aðalskipulag skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags varðandi landnotkun, takmarkanir á landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og byggðamynstur, þ.m.t. þéttleika byggðar.

Í aðalskipulagi eða breytingu á því, er heimilt að setja fram nánari stefnu, svo sem um nýbyggingarsvæði eða endurbyggingarsvæði í eldri byggð eða um einstök viðfangsefni. Aðalskipulag



skal byggt á landsskipulagsstefnu, svæðisskipulagi, liggja það fyrir, upplýsingum um náttúru- og menningarminjar og áætlunum um þróun og þarfir sveitarfélagsins. Þá skal jafnframt gætt að samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.

Í aðalskipulagi skal marka stefnu til a.m.k. tólf ára en jafnframt gera grein fyrir samhengi skipulagsáætlunarinnar og einstakra þátta hennar við langtímaþróun sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er heimilt að kveða á um þróun byggðar á nýjum eða eldri svæðum í rammahluta aðalskipulags.

Aðalskipulag skal sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsupprætti og eftir atvikum á þemauppráttum. Skipulagsgreinargerð aðalskipulags skal lýsa rökstuddri stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu ásamt umhverfismati aðalskipulagsins. Skipulagsuppráttur aðalskipulags skal sýna staðbundnar ákvarðanir um landnotkun, vernd og aðrar takmarkanir á landnotkun og samgöngu- og þjónustukerfi.

4 Forsendur

Forsendur aðalskipulagsins eru byggðar á lögum um skipulags- og umhverfismál, áherslum og markmiðum bæjaryfirvalda á þeim möguleikum sem felast í byggðaþróun bæjarfélagsins svo og takmörkunum á nýtingu bæjarlandsins frá náttúrunnar hendi.

Lögsaga.

Aðalskipulagið mun ná til allrar lögsögu bæjarins sem er um 8.400 ha að flatarmáli. Lögsagan er þrískipt; heimalandið svo kallaða þ.e. frá sjó við Skerjafjörð að lögsögumörkum Kópavogs og Reykjavíkur í Elliðavatni. En austan Elliðavatns, í upplandinu er lögsagan tvískipt. Syðra svæðið nær frá Heiðmerkurgirðingu að efstu brúnum Bláfjalla og nyrðra svæðið nær frá Lækjarbotnum í Vífilsfell og Lyklafell á Miðdalsheiði.

Ágreiningur hefur verið um lögsögumörk Kópavogs og Mosfellsbæjar á nyrðra svæðinu. En um mörk bæjarfélaganna á umræddu svæði var úrskurðað í hæstarétti 29. október 2009 mál nr. 685/2008 (um þjóðlendur). Þeim úrskurði mun verða fylgt í skilgreiningu lögsögumarka Kópavogsbæjar í Aðalskipulagi Kópavogs 2010-2022.

Náttúrufar.

Náttúrufar í landi Kópavogs er fjölbreytilegt, fjalllendi, vogar og nes, hraun og vallendi. Í Kópavogi eru bæði friðlýstar náttúruminjar og svæði undir bæjarvernd.

Eignarhald á landi.

Kópavogsbær á nær allt land innan heimalandsins. Hluti Kópavogstúns og Vatnsendahvarfs er þó í eigu ríkisins. Á athafnasvæði Smárans er hluti lands í einkaeigna svo og kollur Nónhæðar. Jörðin Vatnsendi, er í einkaeign og á jörðin land umhverfis Elliðavatn.

Í upplandi bæjarins eru tvær landbúnaðarjarðir í einkaeign Gunnarhólmi og Geirland. Í Lækjarbotnum eru einnig nokkrar spildur í einkaeign.

Fjárhagslegar forsendur.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal sveitarstjórn í upphafi nýs kjörtímabils gera þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Skipulags- og framkvæmdaáætlanir byggja á þeim. Framkvæmdir í stofnvegakerfinu eru fjármagnaðar af ríkissjóði og byggja á vegaaætlunum.

Kópavogsbær innheimtir gatnagerðargjöld af lóðum sem bærinn úthlutar en gjöldin eiga að standa undir kostnaði bæjarins af gatna- og veitukerfum.



Byggðapróun.

Árleg íbúafjölgun í Kópavogi hefur verið hröð síðustu árin. Frá 1992 hefur hún verið um 3% á milli ára en mest fór hlutfallsleg árleg fjölgun íbúa í 7,4% árin 1997-1998. Árið 2000 var viðmiðunarár gildandi aðalskipulags. Það ár voru íbúar bæjarins liðlega 23.500. Samkvæmt mannfjöldaspá aðalskipulagsins sem samþykkt var fyrri hluta ársins 2002 var miðað við að heildarfjöldi íbúa Kópavog yrði 32.500 - 34.200 í lok skipulagstímabilsins þ.e. árið 2012 eða 9.000 til 10.700 íbúum fleiri. Árið 2010 verður gunnár þessarar endurskoðunar, en það ár voru íbúar bæjarins tæplega 30.700 sem nemur um 7.200 íbúa fjölgun frá aldamótum.

Hlutfall Kópavogsbúa af íbúafjölda höfuðborgarsvæðisins jókst úr 13.4% árið 2000 í 15.1% árið 2010.

Á síðustu árum hefur byggðapróun í bæjarfélaginu því verið hröð. Ný íbúðarhverfi og athafnahverfi risið, allt frá Hafnarfjarðarvegi í vestri að Elliðavatni í austri. Í eldri hverfum bæjarins hefur byggðin jafnfram verið þéttuð eins og í Lundi og á Kópavogstúni.

Árið 2000 voru taldar 8.400 íbúðir í Kópavogi og í lok árs 2010 var fjöldi fullgerðra íbúða í bænum um 11.200. Að auki voru liðlega 320 íbúðir fokheldar eða tilbúnar til innréttinga og þar sem byggingarleyfi hafði verið samþykkt en framkvæmdir ekki hafnar er gert ráð fyrir tæplega 320 íbúðum.

Á árinu 2000 voru um 2,8 íbúar í hverri íbúð í Kópavogi en 2010 2,7 íbúar á íbúð.

5 Fyrirliggjandi stefna

Í því aðalskipulagi sem nú er í gildi, - Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, eru sett fram markmið bæjaryfirvalda í umhverfismálum, varðandi íbúa og húsnæði, opin svæði, útivist og verndun, í tengslum við atvinnu og athafnasvæði, samgöngur, veitur og sorp og fræðslu- og menningarmál og félags- og heilbrigðismál.

Umhverfismál.

Meginmarkmið **gildandi** aðalskipulags varðandi umhverfismál er að „samskipti manns og náttúru verði með þeim hætti að ekki spillist að óþörfu líf og land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.“ Þá kemur fram að:

- með umhverfisstefnu verði lagður grunnur að sjálfbærri þróun innan Kópavogs
- Kópavogsbær annist fræðslu og kynningu og hafi eftirlit með stöðu umhverfismála
- lífhættir og áætlanir almennings, fyrirtækja og stofnana í bæjum miði að sjálfbærri þróun
- umhverfismat verði grunnur að ákvarðanatöku
- metin verði áhrif einstakra framkvæmda á umhverfið

Íbúar og húsnæði.

Meginmarkmið **gildandi** aðalskipulags hvað varðar íbúa og húsnæði er að íbúðarhverfi bæjarins verði eftirsótt fyrir alla aldurs- og þjóðfélagshópa. Þá kemur jafnframt fram að:

- að í nýjum hverfum verði fjölbreytt framboð af íbúðarhúsnæði, þjónustu og útivist og greið og örugg samgöngukerfi
- að hverfi eða bæjarhluti, verði aðlaðandi, hafi miðkjarna og fái sín sérkenni
- gott byggingarland verði nýtt með hagkvæmum hætti. Byggð verði fjölbreytt og falli vel að umhverfinu
- aukin byggð í eldri hverfum raski ekki yfirbragði þeirra
- metin verði áhrif nýrra bygginga eða breytinga á byggingum í eldri hverfum m.a. á yfirbragð byggðar, bílastæðapörf, útsýni og skuggamyndun



Opin svæði og útivist.

Meginmarkmið **gildandi** aðalskipulags hvað varðar opin svæði og útivist er að tryggja bæjarbúum fjölbreytta aðstöðu til útiveru, leikja, íþróttar- og tómstundastarfa. Þá segir :

- nýta sem best fjölbreytta útivistarmöguleika sem bæjarlandið býður upp á
- lögð verði áhersla á að ljúka frágangi á óbyggðum svæðum innan heimalandsins
- umhverfisvöktun Elliðavatns, Bugðu og Hólmsár í samvinnu við Reykjavíkurborg
- unnin verði áætlun um skógrækt fyrir bæjarlandið austan Elliðavatns
- unnið verði deiliskipulag fyrir byggðina í Lækjarbotnum
- með opnum svæðum verði bæjarbúum tryggð fjölbreytt aðstaða til leikja og tómstundastarfs
- gerð leiksvæða fylgi uppbyggingu nýrra íbúðarhverfa
- aukin áhersla á trjárækt og skógrækt
- að bæjarbúar á öllum aldri getið notið frítímans við íþróttaiðkun og tómstundastarf í sínu hverfi
- aðstaða til íþróttaiðkunar verði eflað

Verndun.

Meginmarkmið **gildandi** aðalskipulags er að vernda menningar- og náttúruáminjar og sérkenni eldri hverfa og opinna svæða. Þá segir:

- að sérkenni byggðar og opinna svæða verði varðveitt og að það skapi fjölbreytt umhverfi og fjölbreyttari möguleika til útivistar
- fjölga bæjarvernduðum svæðum
- varðveita sérstakar náttúrumyndanir í bæjarlandinu
- varðveita menningarsögulegar minjar í bæjarlandinu

Atvinna- og athafnasvæði.

Meginmarkmið **gildandi** aðalskipulags hvað varðar þróun athafnasvæða er að tekið sé mið af sérstöðu bæjarins í miðjum stærsta atvinnumarkaði landsins og að:

- efla eigi miðbæinn sem miðstöð menningar og stjórnsýslu
- uppbyggingu miðbæjarins verði lokið á skipulagstímabilinu
- verslunar- og þjónustuverfin í Smára- og Lindahverfum þjóni öllu höfuðborgarsvæðinu
- athafnasvæði fái að þróast með tilliti til þess að þau eru í miðjum stærsta atvinnumarkaði landsins
- unnið verði deiliskipulag fyrir endurbótasvæðin
- gerð verði úttekt á eldri athafnahverfum bæjarins og kannað hvort þörf sé á endurskipulagningu þeirra
- skipulag nýrra athafnahverfa taki mið að því að þau eru í miðju höfuðborgarsvæðisins
- Kópavogshöfn verði eflað fyrir starfsemi tengd sjósókn og flutningum á sjó
- nýting á jarðefnum úr efnistökusvæðum raski ekki umhverfinu að óþörfu
- unnið verði deiliskipulag af efnistökusvæðum og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Samgöngur.

Meginmarkmið **gildandi** aðalskipulags hvað varðar samgöngur er að í umferðarmálum verði öryggi allra vegfarenda aukið og dregið verði úr óþægindum af bílaumferð. Þá sé stefnt að því að:

- stígakerfi bæjarins verði öruggt og víðfeðmt og bjóði upp á valkosti við akstur einkabíla hvað ferðamáta varðar, allt árið um kring
- stígagerð í eldri hverfum og til nágrannasveitarfélaganna verði lokið
- lagning stíga fylgi uppbyggingu nýrra hverfa
- bættir verði möguleikar til útivistar með lagningu göngu- og reiðstíga í útmörkinni
- dregið verði úr óþægindum frá bílaumferð
- minni umferð einkabíla
- umferð verði greið og örugg á aðalgatnakerfinu, einkum stofnbrautum, en hægari innan íbúðarhverfa
- þjónustustig aðalgatakerfisins lækki ekki
- gatnaskipulag byggji áfram á flokkuðu gatnakerfi,- húsagötur, safn-, tengi- og stofnbrautir
- fjölgað verði svæðum með 30 km hámarks hraða



- unnið verði að úrbótum á gatnakefinu á grundvelli umferðaröryggisskýrslu
- áhrif framkvæmda við umferðarmannvirki á umhverfið verði metin
- efla almenningasamgöngur
- unnið verði deiliskipulag fyrir Sandskeið með tilliti til þess að þar verði miðstöð svifflugs
-

Veitur og sorp.

Meginmarkmið **gildandi** aðalskipulags hvað varðar veitur og sorp er að lífríkið skaðist ekki og dregið verði úr umfangi sorps með aukinni flokkun, endurnýtingu og endurvinnslu. Þá segir:

- veitur bæjarins leiti ávallt hagkvæmstu kosti í öflum vatns og orku og fylgst verði með hugsanlegri mengun af völdum fráveitukerfisins
- kannaðir verði fleiri möguleikar á öflun orku og neysluvatns
- Vatnsendaland verði tengt fráveitukerfi höfuðborgarsvæðisins og ofanvatni veitt í settjarnir
- dregið verði úr umfangi sorps til urðunar
- upprunaflokkun verið eflað
- endurnýting og endurvinnsla verði aukin

Fræðslu- og menningarmál, félags- og heilbrigðismál.

Meginmarkmið **gildandi** aðalskipulags í þessum málaflokkum er að allir bæjarbúar hafi jafnan aðgang að þjónustu í bænum. Þá segir:

- allir grunnskólar verði heildstæðir, tveggja hliðstæðna skólar
- gert er ráð fyrir nýjum framhaldsskóla í Vatnsendalandi
- í athugun er opnun útibús tónlistarskóla í austurbæ
- efla miðbæinn og þar verði miðstöð menningar í bænum
- höfuðmarkmið félagsþjónustu Kópavogs er að hjálpa fólki til sjálfhjálp
- einstaklingar verði aðstoðaðir við húsnæðisöflun
- byggður verði gæsluvöllur í hverju bæjarhluta
- ein heilsugæslustöð verði í hverfum bæjarhluta
- gert verði ráð fyrir heilsugæslustöðvum í Linda- og Salahverfi og í Vatnsendalandi
- miðað er við að nýju hverfin austan Reykjanesbrautar geti orðið nýjar kirkjusóknir

6 Nýtt aðalskipulag, helstu áherslur

Í tengslum við endurskoðun aðalskipulags bæjarins þarf m.a. að yfirfara helstu svæðin og meta hvort, hvernig og hve miklu þarf að breyta. Áhersluatriðin verða landnotkun og þróun byggðar, umhverfi, samgöngur og veitur og þjónusta sem bærinn innir af hendi fyrir íbúa s.s. menntun og velferðarmál.

Í tengslum við endurskoðunina þarf m.a. að skoða og meta:

- landnotkun einstakra svæða innan lögsögu bæjarins m.a. þau svæði þar sem fram hafa komið hugmyndir um breytingar
- möguleg uppbyggingarsvæði og þau áhrif sem breytingar geta haft á t.d. vegakerfi, samgöngur, opin græn svæði og aðliggjandi byggð
- breytingar á mikilvægum samgönguæðum
- áhrif á þjónustu
- áhrif á miðkjarna,- miðbæ Kópavogs og Smárann
- hver verða umhverfisáhrif nýrra hugmynda
- áhrif á núverandi byggð þ.m.t. eldri hverfi bæjarins
- áhrif á umhverfi og náttúru
- áhrif á svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins



Mikilvægt er að horfa fram á við og reyna að meta hvert stefnir í byggðapróun bæjarins og m.a. spyrja: „Hvert viljum við stefna“ og leggja fram tillögur um möguleg áhersluatriði ekki bara til skamms tíma heldur til lengri tíma. **Í hvernig bæ viljum við búa?**

7 Helstu svæði endurskoðunar – breytingarsvæði

Helstu svæði endurskoðunar aðalskipulagsins eru möguleg breytingasvæði eða lykilsvæði.

Mikilvægt er að yfirfara og meta forsendur fyrir breytingum og uppbyggingu á svæðunum m.a. með hliðsjón að markmiðum bæjaryfirvalda, vilja íbúa og hagsmunaaðila, mögulegri fólksfjölgun, umferð, umhverfismati og fleiri þáttum. Hversu þétt á að byggja á einstökum svæðum og hvernig lítur breytingin út í heildarsamhenginu?

Helstu breytingarsvæðin eða lykilsvæðin eru:

- Kársnes hafnarsvæði
- Kópavogstún
- Nónhæð
- Smárinn
- Glaðheimar
- Nýbyggingarsvæðin
- Vatnsendi
- Upplönd Kópavogs – Lækjarbotnar, Sandskeið og Bláfjallafólkvangur

8 Nýtt aðalskipulag, efnisþættir og framsetning

Framsetning aðalskipulagsins verður þrískipt, greinargerð, þéttbýlisuppdráttur og sveitarfélagsuppdráttur. Á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagsins munu koma fram staðbundnar ákvarðanir um landnotkun, vernd og aðrar takmarkanir á landnotkun og samgöngu- og þjónustukerfi bæjarins. Uppdrátturinn verður settur fram í mkv. 1:10.000 og mun umfang hans afmarkast af heimalandinu svo kallaða. Á bakhlið hans verður útdráttur úr greinargerð.

Greinargerðin mun m.a. lýsa rökstuddri stefnu bæjaryfirvalda um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál til ársins 2022 ásamt umhverfismati. Greinargerðin mun samanstanda af fjórum köflum, byggð og atvinnulíf, umhverfi, þjónusta og samfélag. Í hverjum þessara kafla verður fjallað um núverandi stöðu í málaflokknum, stefnu bæjaryfirvalda og laga sem þarf að taka tillit til, stefnu og markmið hvers málaflokks ásamt leiðum að markmiðum og að lokum samantekt frá samráðsfundum með íbúum og hagsmunaaðilum og samantekt umhverfismats. Markmiðin byggja að einhverju leyti á þeirri vinnu sem unnin var fyrir síðustu endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012 og Staðardagskár 21.

Í viðauka munu jafnframt verða teknar saman þær breytingar sem gerðar voru á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 svo og þær breytingar taldar upp sem samþykktar verða með staðfestingu þessa skipulags miðað við Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012.

Sveitarfélagsuppdráttur aðalskipulagsins, sem settur verður fram í mkv. 1:50.000, mun ná til upplanda bæjarins.



9 Samráð og kynningar

Í samræmi við lög um umhverfismat áætlana og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar verður haft samráð við íbúa og hagsmunaaðila í Kópavogsbæ, Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun.

Umhverfisskýrsla er hluti gagna um endurskoðun aðalskipulags og verður kynnt almenningi, og hagsmunaaðilum í samræmi við 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 áður en áætlunin er afgreidd.

Viðkomandi nefndir og ráð Kópavogsbæjar munu taka þátt í mótun áætlunar og vera upplýst um stöðu mála.

Fyrirhugað er að upplýsa eftirtalda umsagnar- og hagsmunaaðila um endurskoðun áætlunarinnar.

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
- Siglingastofnun
- Vegagerðin
- Fornleifavernd ríkisins
- Sveitarfélög (aðliggjandi og/eða aðilar að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins):
 - Reykjavík
 - Garðabær
 - Mosfellsbær
 - Hafnarfjörður
 - Seltjarnarnes
 - Sveitarfélagið Álftanes
 - Sveitarfélagið Ölfus

Samráðsaðilar innan Kópavogsbæjar: Náttúrufræðistofa Kópavogs, menntasvið, velferðarsvið, stjórnsýslusvið, nefndir og ráð bæjarins s.s. umhverfis- og samgöngunefnd, skólanefnd, leikskólanefnd, menningar- og þróunarráð, íþróttaráð, hafnarstjórn, bæjarráð og bærarstjórn.

Í skipulagsvinnuni er lögð áhersla á samráð við íbúa, íbúasamtök, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila.

a.

Verkefnið sem slíkt verður í byrjun kynnt á almennum fundi og verða helstu áhersluatriði kynningarinnar eftirtalin:

Lýsing á verkefninu

Lýsing á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur bæjaryfirvöld hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu, fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

- Hvað er aðalskipulag? Skilgreining.
- Hvað er Staðardagskrá 21? Skilgreining.
- Hvert er leiðarljós aðalskipulagsins? Drög.
- Hver eru meginmarkmiðin núgildandi aðalskipulags?
- Umfjöllun um meginmarkmið og mögulegar breytingar. Drög.



- Hverjar eru helstu breytingarnar sem gerðar hafa verið á þéttbýlisupprætti frá síðustu endurskoðun?
- Hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á þéttbýlisupprættinum í yfirstandandi endurskoðun?
- Stutt yfirlit yfir byggðapróun:

- Framsetning gagna:
 - Greinargerð
 - Uppdrættir
 - Framkvæmdaáætlun, markmið, leiðir, ábyrgð og samstarf og tímasetning
 - Vefurinn
- Tímaáætlun verkefnisins

b.

Enn fremur verður efnt til funda með rýnihópum úr hverfum bæjarins: Kársnes – Digranes – Smárar – Lindir og Salir – Vatnsendi (Hvörf/Þing/Kórar). Á fundunum verður verkefnislýsing aðalskipulagsins kynnt en að öðru leiti yrði um sem mest „autt blað“ að ræða. A) Hvað er það sem brennur á íbúunum í hverfinu? Hver er staðan - hvað má betur fara? Styrkleikar og veikleikar. B) Hvernig sér hópurinn bæinn okkar þróast næstu árin? Byggðin, þróun byggðar, yfirbragð byggðarinnar, atvinnulífið í bænum, samgöngurnar, þjónustan, útivistarsvæðin og verndun sögu,- og náttúruminja. Þema fundanna yrði drög að leiðarljósi aðalskipulagsins:

„Lífsgæðin byggjast á því samfélagi sem hér hefur þróast og þessum gæðum þarf að viðhalda; virkja þátttöku almennings til ábyrgðar um þróun byggðarinnar og samfélagsins sem í henni býr; þjónusta við íbúa bæjarins sé góð sem og við þá sem hér starfa; þróttmikið atvinnulíf, nýsköpun og atvinnusköpun; en umfram allt að í Kópavogi verði fjölbreytt, framsækið og fjölskylduvænt samfélag.“

c.

Fundir með íbúum, stjórnnum íbúasamtaka, starfsmönnum, hagsmunaaðilum og félagasamtökum í bænum. Markmiðið er að móta framtíðarsýn fyrir bæjarfélagið m.a. í menningarmálum, ferðamálum og í umhverfis- og skipulagsmálum. Umræðuform samráðsfundanna er fyrirhugað þannig að fundargestir skipta sér niður á nokkur verkefnaborð eftir áhugasviði hvers og eins. Borðunum verður skipt niður á eftirfarandi hátt: byggð og atvinnulíf, umhverfi, þjónusta og samfélag þ.e. 4 hópa. Einnig getur skiptingin verið í menningarmál, ferðamál og í umhverfis- og skipulagsmál þ.e. 3 hópa eða sambland af þessum tveimur tillögum.

Einn til tveir borðstjórar yrðu á hverju borði þar sem þátttakendur fara yfir málefnið. Þátttakendur geta skrifað ábendingar sínar eða hugmyndir á miða sem starfsmenn vinna síðan úr. Hægt verður að skipta um umræðuborð/-hóp t.d. með 20-30 mín millibili til að gefa íbúum kost á því að skoða og spjalla um öll málefni. Fulltrúar úr nefndum og ráðum bæjarins munu geta tekið þátt í umræðum við borðin.

d.

Samtal við atvinnulífið í bænum.

e.

Kynning á almennum fundi þegar tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi bæjarins liggur fyrir.

f.


Kynningarferli samkvæmt 30. og 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



10 Tímaferli, áfangar og vinnuferli

Endurskoðun aðalskipulagsins verður skipt í þrjá megin áfanga: undirbúning, mótun skipulagstillögu og kynningu, auglýsingu og afgreiðsluferli:

- í fyrsta áfanganum fer fram skilgreining forsenda og gagnaöflun
- í öðrum áfanga verður lögð fram stefnumörkun skipulagsins, skipulagstillagan mótuð, samráð og kynningar og unnið að umhverfismati aðalskipulagsins
- í þriðja áfanga skipulagsvinnunar verður tillagan kynnt og auglýst samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tekin verður saman greinargerð með umsögnum bæjaryfirvalda um athugasemdir og ábendingar er berast á kynningartíma. Hér að neðan eru sett fram drög að tímaáætlun fyrir endurskoðun aðalskipulags og umhverfismats.





11 Helstu gögn til hliðsjónar við endurskoðun aðalskipulagsins

- Lög og reglugerðir um skipulags- og umhverfismál
- Leiðbeiningarit Skipulagsstofnunar um gerð aðalskipulags og umhverfismat skipulagsáætlana.
- Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012
- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024
- Vatnsverndarskipulag höfuðborgarsvæðisins
- Byggðakönnun á íbúðarhúsum í bæjum byggð 1950 og fyrr.
- Aðalskipulag sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélaga sem liggja að lögsögumörkum Kópavogs
- Umhverfisstefna Kópavogs
- Vegaáætlun
- Velferð til framtíðar, stefnumörkun til 2020

12 Umhverfismat endurskoðaðs aðalskipulags

Umhverfismat aðalskipulagsáætlunarinnar verður unnið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana en meginmarkmið þeirra laga er „að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða“. Stuðst verður við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana.

Vísað er í meðfylgjandi greinargerð þar sem fram kemur tillagan að matslýsingu umhverfismats endurskoðaðs aðalskipulags.

13 Gildistími

Miðað er við að bindandi hluti aðalskipulagsins þ.e. landnotkunarpáttur skipulagsins á uppdrætti og í greinargerð gildi til 12 ára. Er það í samræmi við 4. mg. skipulagslaga nr. 123/2010. En jafnframt komi fram í greinargerðinni áætluð langtímaþróun bæjarfélagsins. Á þetta einkum við þegar meginstefnumið aðalskipulagsins verða skilgreind.

14 Niðurlag

Undirbúningur að endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012 hófst á árinu 2009. Var þeim þætti er snýr að gagnaöflun og gerð frumdraga að texta greinargerðarinnar að mestu lokið í maí 2010 þegar stjórnarskipti urðu í Kópavogi í síðustu bæjarstjórnarkosningum. Því var afráðið að staldra við og yfirfara verkefnið í heild sinni.

Ákveðið hefur verið að miða endurskoðunina við nýsamþykkt skipulagslög.